

Alþingi
Velferðarnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2019
Tilvísun: 2019040966/RRS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 30. apríl 2019 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022 (þskj. 1228, 771. mál á 149. löggjafarþingi).

Með þingsályktunartillögunni fylgir texti áætlunarinnar og er í tillögunni lögð áhersla á að framkvæmdir í málefnum barna skuli miða að því að tryggja að börn verði sett í forsæti í allri nálgun, stuðlað verði að snemmtækri íhlutun og samfelli í þjónustu.

Persónuvernd hefur farið yfir efni þingsályktunarinnar og gerir ekki athugasemdir við einstök atriði en vekur athygli á því að fara verður í hvívetna að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þegar unnið er með persónuupplýsingar barna og aðstandenda þeirra, þ. á m. í þeim samræmda gagnagrunni í barnaverndarmálum sem lagður er til í lið F.4 í tillögunni.

F.h. Persónuverndar,



Helga Þórisdóttir



Rebekka Rán Samper